

mentaðir. En eg hefi verið í hænsakofanum í morgun, og þar lágu fjögur tóm eggskurn, og tvö kertisskör í hálmínunum. Og svo segið þið, að ekkert sé satt, nema það sem hægt er að taka og þreifa á. Hver haldið þið að hafi haldið til jólanna þar úti? Og hænsin sváfu eins og þau væru steinrotuð.

*Hýðingin eftir Viðar.*

## ÚTFÖRIN VETURINN 1904.

Það eru nú nærri fjögur ár liðin síðan dag einn í Febrúar, að sorgar fregnin er seitn fyrnist yfir, flaug hingað vestur frá Cambridge í Mass. að Þorvaldur Þorvaldsson Sc. B. væri dáinn. Menn munu tæplega vera búrir að gleyma því, hve frétt sí kom öllum óvart, né hvaða hryggð og þögn hún sló yfir vini hans er og fjær. Á öðru áttu menn von. Allir gjörðu ráð fyrir að sjá hann aftur, að hann kæmi hingað vestur, en ekki á þenna hátt, að vera fluttur hingað liðið lík.

Og það eru nærri fjögur ár liðin síðan að menn söfnuðust saman, kaldann Febrúardag, norður við vagnstöð C. P. R. félagsins, og biðu þess, að lestin kæmi að austan, er lík Þorvaldar flutti heim. Einn af þeim er þar beið, var Sveinn Þorvaldsen, bróðir hins dána manns, annar var Einar Ólafsson, —nú einnig dáinn,— auk nokkurra fleiri. Það var löngu eftir hádegi að lestin kom, og var þá ekið á stað. Veður var kalt, og fann-drifa. Það var hvorki bjart fyrir sól né í huga þeirra er hófu líkfylgdina. Það var fyrst numið staðar frammi fyrir litlu Únítara kyrkjunní á Nena. Þar var fólk þá samansæfnað, til þess að tjalda hana líkblæjum. —Par fóru kveðjurnar fram, sunnudaginn næstan eftir.

Daginn eftir var skipað fyrir með útfarar minninguna. Fyrir því stóðu þeir tveir, er síðast voru nefndir, auk Þorsteinss. Kennararnir ýmsir við Wesley College höfðu látið í ljósi, að þeir vildu gjarna taka þátt í útfararminningunni, og voru því boð send, og hverjum boðið er vildi koma og segja eittthvað. Á Sunnudagskvöldið komu þrír: Dr. Laird, Registrar